

Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir



Konan við brunninn



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Lazarus

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: Ruth Klassen

Saga 47 af 60

www.M1914.org


Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska


Icelandic

Jesús og lærisveinar hans voru á ferð um Samariú.
Peir komu til borgar sem heitir Síkar.




1

Þar var brunnur sem fólkið í Síkar sótti
drykkjarvatn sitt í. Jakob, forfaðir Ísraelsmanna,
hafði grafið brunninn fyrir löngu síðan.



2

Eftirmiðdagurinn var sennilega sólríkur og heitur. Jesús settist þreytulegur niður við brunninn á meðan lærisveinarnir fóru til Síkar til matarkaupa.



3


Jesús var aleinn - en ekki lengi. Kona nokkur sem bjó í Síkar kom til að sækja vatn. "Gefðu mér að drekka,"



sagði Jesús við hana.


4

Konan varð undrandi. "Hvernig má það vera að þú sem ert Gyðingur biðjir mig, samverska konu, um að gefa þér að drekka?" sagði hún. Á þessum tímum höfðu Gyðingar engin samskipti við Samverja!




5

Hún varð sennilega ennþá meira undrandi þegar Jesús sagði, "Ef þú vissir hver ég er, mundir þú biðja mig um lifandi vatn."



6

Konan sagði við Jesú, "Herra, þú hefur ekkert til að ausa með og brunnurinn er djúpur. Hvaðan hefur þú þá þetta lifandi vatn? Ert þú meiri en forfaðir okkar Jakob var, sem gaf okkur brunninn...?"




7

"Hvern þann sem drekkur af þessu vatni mun þyrsta aftur," sagði Jesús við konuna.




8



"Hvern þann sem drekkur af vatninu sem ég gef honum, mun aldrei þyrsta. Vatnið sem ég gef, mun í honum verða af vatnsbrunni er af sprettur eilíft líf."
"Herra, gefðu mér þetta vatn..." sagði konan.

9


Jesús bað konuna að fara og kalla á mann sinn. "Ég á engan mann," svaraði konan. "Þú hefur verið gift fimm sinnum," sagði Jesús. "Og þú ert ekki gift manninum sem þú býrð með nú."




10

Konan gerði sér ljóst að Jesús var spámaður. Hún reyndi að fá hann til að rökræða hvort tilbiðja ætti Guð í Jerúsalem eða á fjallinu helga í Samaría. Jesús sagði að sannir tilbiðjendur tilbæðu faðirinn í anda og í sannleika.

"Ég veit að Messías er að koma," sagði konan við Jesú. "Þegar hann kemur, mun hann kunngjöra okkur allt." "Ég, sem tala til þín, er hann," sagði Jesús.



11



12

Einmitt þá komu lærisveinarnir til baka. Konan skildi eftir dýrmæta skjólu sína við brunninn og snéri aftur til borgarinnar.

"Komið og sjáið mann sem sagði mér allt sem ég hef gjört," tjáði konan mönnum í Síkar.



13



14

"Gæti þetta verið Kristur?" Mennirnir yfiringáfu borgina til að hitta Jesú sjálfir.




15

Á meðan buðu lærisveinarnir Jesú að borða, en Jesús sagði, "Minn matur er að gera vilja þess sem sendi mig og að ljúka verki hans." Verk hans var að leiða fólk til Guðs.




16

Margir Samverjanna trúðu á Jesú vegna vitnisburðar konunnar. Þeir buðu Jesú að dvelja hjá sér og hélt hann til hjá þeim í þrjá daga.



17

Margir fleiri tóku trú er þeir hlustuðu á Jesú sjálfan. Þeir sögðu, "...við höfum heyrt með eigin eyrum og erum sannfærðir um að þetta er sjálfur Kristur, frelsari heimsins."



18

Konan við Brunninn

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Jóhannesi 4

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

